

Mættir: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Patricia Anna Þormar og Jóhanna Jakobsdóttir fulltrúar foreldra, Arndís Anna Björgvinsdóttir fulltrúi annars starfsfólks, Arna Véný Guðmundsdóttir og Karitas Sumati Árnadóttir fulltrúar kennara, Gunnur Elka Ellertsdóttir fulltrúi nemenda, Steinunn María Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi og Björg Melsted ritari.

- **Fyrstu niðurstöður Skólapúlsins**

Nemendakönnunin fer fram í u.þ.b. 40 nemenda úrtökum sem dreift er yfir skólaárið. Í ár taka þátt nemendur í 6. og 7. bekk. Nemendur eru valdir að handahófi en 48 nemendur tóku þátt í könnunni í október. Harpa fer yfir niðurstöðu fyrsta hluta þar sem nemendur svara 60-70 spurningum er varða skólastarfið og áherslur Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Langflestir þættir koma vel út fyrir utan þann þátt sem snýr að námi nemenda “að nemendur hafi val um fjölbreytt skil á verkefnum” og “að nemendur fái tækifæri til að vinna að verkefnum sem eru metin sem hluti af námi sín”. Stjórnendur munu fara yfir þessa þætti með kennurum og nemendum með úrbætur í huga.

- **Innra matsteymi**

Innra mat er fagleg ígrundun þar sem mat er lagt á hversu vel tekst að ná þeim gæðum og þeim árangri sem stefnt er að út frá fyrirfram ákveðnum viðmiðum. Hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar? Hvaða þætti þurfum við að bæta?

Nýtt innra matsteymi hefur verið skipað innan skólans. Meðlimir eru: Harpa Reynisdóttir skólastjóri, Óskar Sigurðsson deildarstjóri fagstarfs, Sigurrós Eiðsdóttir kennari á miðstigi og Söldís Birta Reynisdóttir kennari á yngsta stigi.

Harpa kynnir ferlið og hvar Melaskóli er staddur. Teymið hefur gert áætlun til þriggja ára og á þessu skólaári mun teymið leggja áherslu á tvö gæðaviðmið: gæði kennslu og skipulag náms. Kennarahópurinn hefur nýlega lokið vinnu við að setja fram hugmyndir að gæða kennslustund.

- **Matsferill**

<https://island.is/s/midstod-menntunar-og-skolathjonustu/namsmat-matsferill>

Matsferill MMS inniheldur matstæki sem hægt er að nýta til að fylgjast með þroska og námsframvindu barna og afla upplýsinga um stöðu og framfarir nemenda á mörgum sviðum, eins og til dæmis málþroska, lesfimi, stærðfræði og lesskilningi.

Skólar eru skyldugir til þess að leggja stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir í 4., 6., og 9. bekk. Ákvörðun um notkun prófanna í öðrum árgöngum er í höndum skólastjóra. Melaskóli hefur, líkt og flestir skólar í Reykjavík, ákveðið að leggja prófin fyrir í öllum árgöngum þ.e. í 4. - 7. bekk.

- **Önnur mál**

Steinunn hrósar nemendum í 7.bekk fyrir gott samstarf og aðstoð á jólaföndri foreldrafélags Melaskóla. Fjáröflun 7. bekkjar fyrir Reykjaferð gengur vel og foreldrafélagið styrkir ferðina.

Svakalega lestrarkeppnin hefur haft jákvæð áhrif á lestraránægju að mati foreldra, kennara og nemenda. Rætt um hvort Melaskóli taki aftur þátt í Svakalegu lestrarkeppninni og kannski væri góð hugmynd að taka þátt annað hvert ár. Elka nefnir að það sé hvetjandi að taka þátt í keppni, hún viti til þess að einhver skóli sé að taka þátt í stærðfræðikeppninni og gaman væri ef Melaskóli gæti líka tekið þátt.

Harpa sýndi myndband um Matsferilinn sem finna má á heimasíðunni matsferill.is.

- Næsti fundur er 4. mars 2026 kl. 8:30